

HINSEGIN: TRANS



Hinsegin: Trans

© Texti: Guðrún Þorsteinsdóttir, María Jónsdóttir og Heiðrún Fivelstad

© Teikningar: Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson

1. útgáfa 2016 Ráðgjafar- og greiningarstöð og Samtökin '78

2. útgáfa 2024 Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

2024 Umbrot: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Kópavogi

Bækling þennan má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með prentun, ljósmyndun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt að hluta eða í heild án skriflegs leyfi höfunda og útgefanda.

Sérstakar þakkir fyrir góð ráð 2024 fær Svandís Anna Sigurðardóttir, verkefnastýra hjá Stígamótum.

Trans

Trans hefur með kynvitund að gera, hvernig manneskja upplifir kyn sitt.

Trans manneskja upplifir sig af öðru kyni en því sem manneskjunnar var úthlutað við fæðingu. Til dæmis:

Trans maður – maður sem fékk úthlutað kvenkyni við fæðingu en er karl.

Trans kona – kona sem fékk úthlutað karlkyni við fæðingu en er kona.



“Kynsegin manneskja getur upplifað sig hvorki sem karl né konu, sem bæði eða flakkað þar á milli. Fullorðin kynsegin manneskja er kvár og kynsegin barn er stálp.



Jóhann

Jóhann er 13 ára og er nýbyrjaður í 7. bekk.

Hann býr hjá foreldrum sínum ásamt eldri systur sinni Evu sem er 16 ára og er byrjuð í menntaskóla.




Áhugamál

Jóhanni finnst gaman að spila tölvuleiki. Í sumum tölvuleikjum er hægt að vera hver sem er. Það er til dæmis hægt að leika álf, tröll, eða stríðsmann.

Það er líka hægt að velja um að vera karl, kona eða skrímli.

Skemmtilegt

Í uppáhalds leiknum sínum leikur Jóhann álfastelpu með sítt fjólublátt hár. Hún kann að galdra og á svartan kött sem fer með henni hvert sem hún fer.



Jóhann litli

Þegar Jóhann var lítill þá klæddi hann sig oft í fötin af systur sinni.

Foreldrum hans fannst það sætt og fyndið.

Það eru til margar myndir af Jóhanni þar sem hann er með hárkollu og í kjól. Hann er alltaf brosandi á myndunum.

Dagdraumar

Þegar Jóhann var í kringum 12 ára hætti hann að klæða sig í kjóla. Einhver sagði að það væri asnalegt.

Þrátt fyrir það dreymir hann ennþá um að vera með sitt hár og heita Stella.



Áhyggjur

Jóhanni líst ekki vel á að verða unglingur og fá djúpa rödd og meiri líkamshár.


Hann kvíðir fyrir því að líkaminn hans byrji að breytast í karlmannslíkama.

Hann langar ekki til að líta út eins og karlmaður.

Hinsegin fræðsla

Einn daginn er hinsegin fræðsla í skólanum hans Jóhanns á vegum Samtakanna '78.

Þar koma tvær ungar manneskjur og tala um allskonar hinseginleika og hvernig þau komu út úr skápnum.



Trans strákur

Einn strákurinn frá Samtökunum '78 sagði frá því að hann væri trans strákur.

Það þýðir að þegar hann fæddist héldu allir að hann væri stelpa. Hann fæddist með píku.

Hann fékk stelpunafn og talað var um hann í kvenkyni, t.d.: „hún er vöknuð“ og „hún er svöng“.

Hann var með sítt hár og var í kjól á jólnum.



Hann langaði alltaf að vera strákur og loksins sagði hann foreldrum sínum að hann væri í raun og veru strákur inni í sér.

Foreldrar hans tóku því vel og hvöttu hann til að velja sér nýtt nafn.

Í kjölfarið klippti hann líka hárið á sér og breytti kyntjáningu sinni þannig að það hentaði honum betur.



Er hægt að vera stelpa?

Þegar Jóhann kom heim úr skólanum spurði hann systur sína: „Eva? Er hægt að vera stelpa þó að þú hafir fæðst með typpi?“

„Já, já,“ segir Eva.

„Ég á eina vinkonu sem er trans stelpa. Allir héldu að hún væri strákur þegar hún var lítil en hún er stelpa í dag. Hún fer til læknis sem passar að hún fái ekki skegg og djúpa rödd. Af hverju ertu að spá?“



Fjölskyldufundur

Jóhann verður mjög glaður að heyra þetta.

Saman fara Eva og Jóhann til foreldra sinna og segja þeim frá að Jóhann sé í raun og veru stelpa.

Þau eru hissa fyrst en svo faðma þau Jóhann og segja að þau elski hann sama hvað.

Þau eru sammála um að fara saman og fá ráðgjöf.

Ráðgjöf

Mamma Jóhanns hringir í Samtökin '78 og fær símaráðgjöf.

Í framhaldinu hittast þau öll hjá ráðgjafanum til að fræðast meira um hvað það þýðir að vera trans og hvernig er gott að styðja við barn á þessari vegferð.



Stella

Jóhann er sáttur, fjölskylda hans mun styðja hann.

Hann vill hins vegar ekki lengur heita Jóhann heldur Stella og vill að það sé talað um og við hana í kvenkyni.

Stella er glöð. Hún veit að það mun taka fjölskylduna smá tíma að aðlagast þessum breytingum en þau ætla öll að hjálpast að.

Þetta var besti dagur lífsins fyrir Stellu, sem er hæstánægð með sjálfa sig.

